

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 36 15. febrúar 1942 um sparisjóði.****1. gr.**

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vextir af sparisjóðsinnistæðufé skulu vera reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ávallt við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á hlutað-eigandi síðu.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir að vextir af innstæðufé hafa verið reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins skulu þeir færðir í viðskiptabókuna og skal þess þá nákvæmlega gætt að upphæð innstæðufjár að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni beri saman við það er innstæðubókin telur.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 69 27. júní 1941 um sparisjóði öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 9. mars 1981.***F. h. r.****Þórhallur Ásgeirsson.***Björn Lindal.*

17. mars 1981.

Nr. 146.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 105 28. janúar 1980,
um hrognkelsaveiðar.****1. gr.**

Bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar orðist þannig: Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og 4. gr. reglugerðar þessarar, er ráðuneytinu heimilt að veita aðilum leyfi til grásleppuveiða í tilraunaskyni á báta, sem eru stærri en 12 brúttórúmllestir, enda hafi þessir aðilar, undanfarin þrjú ár, stundað grásleppuveiðar hvert ár á þeim sömu bátum. Leyfin skulu bundin við veiðisvæði, sem að öðrum kosti yrðu vannýtt.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 17. mars 1981.***F. h. r.****Jón L. Arnalds.***Jón B. Jónasson.*